

27. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 26. ágúst 2011, kl. 14.50, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Ragnheiður Thorlacius, ritari, sem tekur þátt í fundinum í gegnum síma. Einnig er á fundinum Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Boðað var til þessa aukafundar með tölvupósti að kvöldi 26. ágúst sl.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Norðurlandamótið í hópfimleikum 2011.

Málið var áður á dagskrá 8. júní sl. Þann 25. ágúst sl. fór fram „úrtökumót“ þar sem mættu til keppni tvö mixlið sem óskuðu eftir að keppa um laust sæti á Norðurlandamóti senoira. Um var að ræða sameiginlegt lið Stjórnunnar/Ármanns og lið Selfoss. Með bréfi tækninefndar í hópfimleikum, dags. 25. ágúst sl., tilkynnti tækninefndin stjórn FSÍ að hún mælti með því að stjórn FSÍ skrái mixlið Stjórnunnar/Ármanns og mixlið Selfoss til keppni á Norðurlandamótinum í hópfimleikum 2011 sem fram fer í Noregi 12. nóvember nk.

Málið rætt.

Með vísan til rökstuðnings tækninefndar í hópfimleikum samþykkir stjórn FSÍ að skrá mixlið Stjórnunnar/Ármanns og mixlið Selfoss til keppni á mótinu **að fenginni staðfestingu stjórna viðkomandi félaga um þátttöku**. Framkvæmdastjóra falið að kynna afgreiðslu málsins til tækninefndar í hópfimleikum og til stjórna Stjórnunnar, Ármanns og Selfoss.

2. Bréf frá tækninefnd karla í áhaldafimleikum

Málið var áður á dagskrá 23. ágúst sl., undir lið 5 a og b.

Stjórn samþykkir að haldið verði sambandsdómaranámskeið og matspróf í íslenska fimleikastiganum í september 2011 og landsdómaranámskeið fyrir E-dómgæslu í 1. þrepi og frjálsum æfingum. Stjórn samþykkir hins vegar ekki þann fyrirvara sem fram kemur í erindi nefndarinnar þess efnis að allir handhafar dómara réttinda verði að taka próf úr skilningi, innihaldi æfinga og sérreglum íslenska fimleikastigans að viðlögðum missi dómara réttinda á komandi keppnistímabili, 2011-2012. Stjórnin leggst gegn því að framangreint skilyrið verði sett í tilefni námskeiðanna þetta haustið vegna komandi keppnistímabils. Stjórn vísar í því samandi til reglna FIG og fyrirmæla 10. gr. reglugerðar FSÍ.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 5. september nk.,
kl.16.15.

Fundi slitið kl. 15.30

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.